

Skaftárhreppur
Klausturvegi
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 16. febrúar 2022
UST202103-143/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps

Þann 5. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 5.3 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skilaði niðurstöðum skráninga þann 7. september sl. og telst frávikinu lokið.**

Útistandandi er eldra frávik frá eftirliti 2019 er varðar:

2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka við timbri til kurlunar og geymslu. Stór ókurlaður timburhaugur er til geymslu á urðunarstaðnum og er það ekki í samræmi við starfsleyfi. **Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna þessa sem var samþykkt 8. nóvember 2019. Áætluð verklok voru janúar/febrúar 2020. Í síðasta eftirliti kom fram að verkinu er ekki lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. mars 2022.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir,
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur